



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2016

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2015 var haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjærastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Ása Ólafsdóttir, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Ása tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Ása gerði grein fyrir því að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Mætt var fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 23.595.659.104 kr. eða sem svarar til 99,2176% heildarhlutafjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, sagði í ræðu sinni m.a. að fjárhagur Landsbankans væri afar traustur eins og reikningur fyrir árið 2015 sýndi.

Hann vék sérstaklega að áhættustýringu og innra eftirliti. Bentí hann m.a. á að undanförnum árum hefur alþjóðlegt regluverk tekið stakkaskiptum þar sem eftirlitsaðilar keppast við að styrkja umgjörðina og auka traust fjárfesta á markaðnum. Nýtt regluverk snertir alla þætti starfsemi fjármálfyrirtækja en sérstaklega mat á áhættu, heimildir til að nýta innri matslíkön til lækkunar á eiginfjárbindingu og uppgjörsaðferðir. Á liðnu ári var hluti þessa erlenda regluverks, CRD IV, innleitt í íslensk lög með breytingum á lögum um fjármálfyrirtæki.

Í máli sínu fór hann yfir á nýja stefnu Landsbankans sem var kynnt á síðasta aðalfundi og markmið hennar að ná arðseminni til frambúðar yfir 10% á árinu 2020. Unnið er að fjölda verkefna í sjö verkstraumum. Þeir eru:

1. Fyrirmynnarþjónusta fyrir einstaklinga
2. Fyrirmynndaþjónusta fyrir fyrtækni og markaði
3. Rafræn þjónusta þróuð með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi
4. Hagkvæmar stoðeiningar
5. Nútímalegt tækniumhverfi
6. Hagkvæm samsetning efnahags og fjármagnsskipan
7. Árangursmiðuð menning framkvæmda og breytinga

JK
SA

Fundargerð

Landsbankinn

Þá kom fram að þetta hefur skilað þeim árangri að hver viðskiptavinur nýtir sér nú fleiri þjónustuþætti í kjölfar innleiðingar á 360° ráðgjöf til viðskiptavina Einstaklingssviðs. Aukið samstarf Fyrirtækjasviðs og Markaða hefur skilað sér í aukningu á þjónustutekjum og útlánnavexti. Einföldun á tækniumhverfi og straumlínulögun ferla er á fullri ferð t.d. með flutningi lána yfir í eitt lánakerfi og rafvæðingu á innlána- og útlánaferli. Mikil áhersla hefur verið á að sem mest af þeirri þjónustu sem gjaldkerar og þjónustufulltrúar veita verði sjálfvirk og aðgengileg í netbanka og hraðbönkum.

Formaður bankaráðs vísaði síðan til jákvæðra breytinga á lánshæfiseinkunn bankans hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's. Landsbankinn er nú kominn í fjárfestingarflokk og með jákvæðum horfum. Sá ávinnungur hefur aftur opnað fyrir aðgengi bankans að erlendum lánsfjármörkuðum.

Þá vék formaður bankaráðs tveimur álitamálum varðandi nýjar höfuðstöðvar og sölu á hlut bankans í Borgun hf. Kom fram í máli hans að bankaráðið hefur fjallað um valkostí fyrir nýjar höfuðstöðvar allt frá árinu 2010 og var það niðurstaðan á liðnu ári að hagkvæmast væri fyrir Landsbankann að byggja nýjar höfuðstöðvar á lóð bankans í Austurhöfninni fyrir sunnan Hörpuna. Húsnæðisvanda Landsbankans þurfi að leysa því hagsmunir bankans og eigenda hans geri kröfу til þess. Áður en næstu skref verði tekin þurfi að liggja fyrir að stærsti hluthafin setji sig ekki upp á móti slíkum áformum.

Formaður sagði bankann hafa getað staðið betur að sölu eignarhlutar í Borgun haustið 2014. Það var rætt og viðurkennt á síðasta aðalfundi. Hvatin til að selja hluti bankans í greiðslukortafyrirtækjunum var annars vegar óviðunandi staða bankans sem áhrifalaus minnihluta eigandi og hins vegar þrýstingur Samkeppniseftirlitsins með yfirvofandi sekt eins og glögglega kemur fram í þeim gögnum sem bankinn hefur birt opinberlega.

Af hagnaði ársins verður greiddur 28,5 milljarður króna, sem jafngildir 1,2 krónum á hlut. Kom fram að sú nýbreytni er lögð til í framkvæmd þessara arðgreiðslna að þær verði hálfssárslegar útgreiðslur. Það er gert til að draga úr sveiflum í lausafjárstöðu bankans en ekki síður til að undirstrika enn frekar fyrir hluthafa í bankanum og væntanlega kaupendur hlutabréfa að jafnar og góðar arðgreiðslur séu lykilatriði við hlutabréfaeign í Landsbankanum.

Formaður sagði í lok ræðu sinnar gagnlegt og gefandi að starfa með öflugum og góðum hópi stjórnenda og starfsfólks. Sérstaklega þakkaði hann Steinþóri Pálssyni, bankastjóra, fyrir samstarfið. Bankaráðið vilji einnig þakka Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands fyrir góð og fagleg samskipti.

2. Ársreikningur fyrir liðið starfsá ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Steinþór Pálsson, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2015 og áritun endurskoðenda. Jafnframt fór hann yfir markmið og áherslur í starfsemi bankans á árinu 2015.

Bankastjóri fór í upphafi yfir markaðsstöðu bankans í fjármálaþjónustu og vakti athygli á því að bankinn væri leiðandi á Íslandi á því sviði. Á einstaklingsmarkaði var bankinn með 36% markaðshlutdeild í lok síðasta árs samanborið við 28% fyrir fimm árum síðan. Þá hefur bankinn verið langstærsti aðilinn í veitingu nýrra íbúðalána með 38% hlutdeild, yfir 40% hlutdeild á fyrirtækjamarkaði, mestu markaðshlutdeild í hlutabréfaviðskiptum í Kauphöll og leiðandi á bílalanamarkaði.

Hann sagði að arðsemi bankans hefði verið með ágætum á undanförnum árum og 14,8% á síðasta ári. Hún hafi verið óvenjulega góð í ljósi þess að bankinn hafi verið að komast úr efnahagshremmingum á síðustu árum. Arðsemi hefur hins vegar verið drifin áfram af einskiptisliðum, þar sem bankinn hafi verið að selja hlutabréf með miklum hagnaði og njóta þess að gæði útlána hafa verið að batna á síðustu árum. Þetta hefur skilað sér í því að eiginfjárlutfall bankans er orðið gríðarlega hátt eða yfir 30% af áhættuvegnum eignum. Einnig hefur kostnaðarhlutfall þróast með jákvæðum hætti.

Þá fór bankastjóri nánar yfir rekstrar- og efnahagsreikning bankans. Samkvæmt rekstrarreikningi vaxa hreinar vaxtatekjur töluvert milli ára og var vaxtamunur eigna og skulda 2,2%. Virðisbreytingar útlána voru jákvæðar eða 18,2 milljarðar fyrir skatta. Bankastjóri sagði að ekki væri hægt að reikna með þessu til framtíðar þannig að búast megi við að gjaldfærsla yrði af þessum lið í framtíðinni þar sem útlánastarfsemi væri áhættusöm. Þá fór bankastjóri nánar yfir einstaka liði rekstrarreiknings og gerði grein fyrir breytingum

Fundargerð Landsbankinn

þeirra milli ára. Hvað skatta áhrærir þá kom fram að reiknaður skattur nam samtals 13,1 milljarði á síðasta ári samanborið við 10,5 milljarða árið á undan. Hagnaður ársins eftir skatta var 36,5 milljarðar samanborið við 29,7 milljarða árið á undan.

Efnahagsreikningur bankans hefur tekið breytingum á undanförnum árum og stærri hluti eigna hans er nú vaxtaberandi. Bankastjóri rakti þróun helstu efnahagsliða og kom m.a. fram að bankinn hefur selt frá sér eignir sem ekki hafa skilað vöxtum. Eignir til sölu og fullnustueignir lækkuðu verulega og mjög góður árangur náðist í því að auka gæði efnahagsreikningsins. Útlán til viðskiptavina jukust um 93 milljarða sem er að hálfu leyti íbúðalán og tæplega helmingur útlánaaukning til fyrirtækja. Þá vék bankastjóri að þróun útlána og vakti athygli á að gríðarlega góður árangur hefði náðst í að draga úr vanskilum og vandræðalánum.

Varðandi fjármögnun, þá er bankinn að fjármagna sig að hálfu leyti með innlánum og lántaka er sambærileg og áður.

Lausafárhluftfall var 113% í árslok þrátt fyrir miklar úttektir innlána LBI þannig að bankinn er vel settur til að mæta arðgreiðslum og afnámi fjármagnshafta. Vakti bankastjóri athygli á að arðgreiðslur að meðtalinni arðgreiðslu sem lögð verði til á aðalfundinum nemi samtals 82 milljörðum frá stofnun bankans. Reiknaðir skattar frá stofnun bankans nemi 46,7 milljörðum og á sama tíma hafi eigið fé vaxið um 114,5 milljarða. Þetta sé ávinningur fyrir samfélagið allt en til viðbótar hafi bankinn fengið aukinn hlut í eigin fé bankans með útgáfu skuldabréfs til LBI.

Bankastjóri vék að lokum að því það væri mat bankans að Landsbankinn væri góður fjárfestingarkostur, þegar og ef tekin verður ákvörðun um að skrá bankann á markaði.

Ársreikningur fyrir árið 2015 ásamt skýrslu endurskoðenda var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Fundarstjóri vakti athygli hluthafa á því undir þessum lið að bankaráð hafi lagt fram á fundinum eftirfarandi breytingartillögu við áður kynnta tillögu um meðferð hagnaðar reikningsársins 2015.

Lagt er til að fjórði málslíður í tillögu nr. 1 orðist svo: „*Gjalddagi seinni greiðslu skal vera 21. september 2016 og skal sú greiðsla miða við hlutaskrá í lok 14. apríl 2016 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs.*“

Þá er lagt til að í töflu sem er hluti tillögunnar komi dagsetningin „*14.4.2016*“ í stað dagsetningarinnar „*15.9.2016*“.

Breytingatillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna ársins 2015 var að því búnu borin upp í heild sinni, svo breytt. Tillagan lá frammi á fundinum í sérstöku skjali og með leyfi fundarins vísaði fundarstjóri til hennar við atkvæðagreiðslu um hana (breytingar eru feitletraðar):

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2015 sem nemur samtals 1,20 krónu á hlut. Arðurinn verði greiddur með 2 jöfnum greiðslum sem hvor um sig nemur 0,60 krónum á hlut. Gjalddagi fyrri greiðslu skal vera 20. apríl 2016 og skal sú greiðsla miða við hlutaskrá í lok 14. apríl 2016. Gjalddagi seinni greiðslu skal vera 21. september 2016 og skal sú greiðsla miða við hlutaskrá í lok 14. apríl 2016 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Samtals arðgreiðsla miðað við útistandandi hluti nemur því 28.538 milljónum króna, sem samsvarar um 78% af hagnaði ársins.

Arðgreiðslur á árinu 2016:

	I	II
Krónur á hlut	0,60	0,60
Arðsréttindadagur	14.4.2016	14.4.2016
Gjalddagi	20.4.2016	21.9.2016



Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári:

1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

4. gr. Starfskjör helstu stjórnenda

Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamarkaði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.

5. gr. Breytilegir kjarapættir

Landsbankinn hefur ekki tekið upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. Ef bankaráð hyggst taka upp slíkt kerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

NH
FA

Fundargerð

Landsbankinn

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftar en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum.

Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

6. Kosning bankaráðs

Fundarstjóri upplýsti að tillaga um frambjóðendur til bankaráðs hafi verið dregin til baka áður en fundurinn hófst, en önnur tillaga hafi verið lögð fram af hálfu Banksýslu ríkisins. Fundarstjóri kynnti fundinum efni þeirrar tillögu. Fundarstjóri mat tillöguna sem of seint fram komna, m.a. með vísan til 14. gr. samþykktu Landsbankans. Því væri ekki unnt að afgreiða þennan dagskrárið á þessum fundi.

Fundarstjóri lagði til að kosningu bankaráðs verði frestað. Núverandi bankaráði verði falið að auglýsa sérstakan framhaldsaðalfund sem haldinn verður föstudaginn 22. apríl 2016 kl. 13:00 í Austurstræti 11, Reykjavík. Núverandi bankaráð starfi því áfram þar til nýtt bankaráð verði kosið á framhaldsaðalfundi.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

7. Kosning endurskoðanda

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2016.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

„Lagt er til að þóknun til almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skuli vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 600.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000 á mánuði. Þóknun til hvers bankaráðsmanns sem skipaður er í undirnefnd bankaráðs, sbr. 8. gr. starfsreglna bankaráðs, skal vera kr. 100.000 á mánuði fyrir hverja nefnd sem viðkomandi bankaráðsmaður er skipaður í. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærri en þóknun aðalmannna innan hvers mánaðar.“

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum:

„Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta

Fundargerð
Landsbankinn

ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2017. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.“

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

a) Tilaga um breytingar á starfsreglum bankaráðs

Lagt var til að bankaráði verði falið að setja í starfsreglur sínar ákvæði um samkeppnislegt sjálfstæði Landsbankans hf. gagnvart öðrum viðskiptabönkum í eigu ríkisins.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

b) Ávarp Jóhanns Ólafssonar

Jóhann Ólafsson tók til máls og bauð verðandi bankaráðsmenn velkomna til starfa og óskaði þeim velfarnaðar í störfum sínum fyrir bankann og þar með fyrir hluthafa. Hann sagði að þegar á heildina væri litið teldi hann fráfarandi bankaráðsmenn hafa verið mjög farsæla í störfum sínum, þó hann hafi verið hundóánægður með afgreiðslu þeirra á einu máli. Þeir hafi sýnt að þeir beri hag bankans fyrir brjósti og sett hagsmuni bankans ofar eigin hagsmunum. Það sýni þeir með því að standa upp og axla alla ábyrgð af Borgunarmálum eins og þeim hefur undið fram. Hann vísaði einnig til stuðnings fráfarandi bankaráðsmanna við bankastjóra og kvaðst taka heilshugar undir þá stuðningsfirlýsingu.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og var það samþykkt samhljóða.

Formaður bankaráðs, Tryggvi Pálsson, tók síðan til máls, þakkaði öllum komuna og sagði fundi frestað.

Fleira var ekki rætt og lauk fundinum um kl. 18:30.



Ása Ólafsdóttir
fundarstjóri



Kristinn Briem
fundarritari